

## Hraðamyndavélar

Eftirlit með ökuhraða miðar að því að halda niðri umferðarhraða og fækka slysum í umferðinni. Hraðamörk eru gefin til kynna með umferðarmerkjum og eftir þeim ber að fara. Hægt er að mæla ökuhraða með mismunandi tækni og er mæling á ökuhraða með hraðamyndavélum eitt af þeim úrræðum sem lögreglan hefur til að sinna umferðareftirliti, upplýsa brot og gæta að öryggi almennings.

*Sjálfvirkar hraðamyndavélar* eru löggæslutæki til sjálfvirkrar skráningar umferðarlagabrota. Hraði ökutækja er mældur á ákveðnum stað á vegi og mynd tekin af þeim ökutækjum sem ekið er umfram skilgreindan hraða. Vélar eru alla jafna á föstum staurum við vegi, í jarðgöngum í vegakerfinu eða við ljósastýrð gatnamót. Eftirlitskaflarnir eru merktir með skiltum sem gefa eftirlitið til kynna. Lögreglan notar einnig *sjálfvirkar færanlegar hraðamyndavélar*. Almennt má gera ráð fyrir að lögregla annist hraðaeftirlit með bæði merktum og ómerktum bifreiðum.

*Sjálfvirk meðalhraðaeftirlit* virkar þannig að tvær myndavélar vinna saman á tilteknum vegarkafla, þar sem önnur er staðsett í byrjun kaflans en hin í enda kaflans. Teknar eru myndir af öllum ökutækjum og búnaður greinir hversu lengi ökumaður var að aka á milli myndavélanna og reiknar þannig út meðalhraða. Öll gögn eru dulkóðuð og ekki hægt að nálgast myndir af þeim sem ekki eru brotlegir og þær eyðast sjálfkrafa. Eftirlitskaflarnir eru merktir með skiltum sem gefa eftirlitið til kynna.

### Aðgangur, úrvinnsla gagna og miðlun til þriðju aðila

Myndir og önnur gögn sem berast frá sjálfvirkum löggæslumyndavélum er vistaðar á netþjóni Ríkislögreglustjóra. Lögreglustjórinn á Vesturlandi hefur með höndum úrvinnslu gagna frá sjálfvirkum löggæslumyndavélum alls staðar að af landinu í umboði Ríkislögreglustjóra.

Þegar brot er skráð er kannað í ökutækjaskrá hver er eigandi /umráðamaður ökutækis og er brot skráð í málaskrárkerfi lögreglunnar, LÖKE. Þegar mál hefur verið skráð í málaskrá ákveður lögreglustjóri hvort því megi ljúka með lögreglustjórasett og kannar hvort máli verði lokið án frekari rannsóknar. Eigi lyktir máls að færast í sakaskrá samkvæmt reglugerð um sakaskrá ríkisins er óheimilt að ljúka því með sektarboði. Tilkynning um greiðsluseðil er sendur í gegnum pósthólf Ísland.is. Eiganda eða umráðamanni ökutækis býðst að greiða seðil og ljúka þannig máli án dómsmeðferðar. Önnur viðurlög vegna umferðarlagabrota eru send til rannsóknar í lögregluumdæmi eiganda eða umráðamanns ökutækis.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra sér um innheimtu sekta og sakarkostnaðar fyrir landið allt.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er skylt samkvæmt umferðarlögum að greina lögreglu frá því hver hafi stjórnað ökutæki á tilteknum tíma. Rétt til að sjá ljósmynd úr sjálfvirkri löggæslumyndavél hefur eigandi, umráðamaður eða ökumaður ökutækis og fyrirsvarsmaður lögaðila. Heimilt er að senda mynd í bréfpósti til eiganda eða umráðamanns ökutækis til að staðfesta deili á réttum öikumanni.

Þeir sem gerast brotlegir í umferðinni safna refsipunktum í ökuferilsskrá vegna tiltekinna brota. Ríkislögreglustjóri heldur landsskrá um ökuferil öikumanna og punkta sem þeir hafa hlotið vegna umferðarlagabrota. Ríkislögreglustjóri heldur einnig málaskrá lögreglunnar, LÖKE, sem heldur utan um öll verkefni lögreglunnar, þ.m.t. öll umferðarlagabrot.

### Hvaða persónuupplýsingar er unnið með?

Nafn, kennitala, heimilisfang, tímasetning atburðar og brotavettvangur, skráningarmerki og fastanúmer ökutækis, mynd, heimfærsla til refsíákvæða, lýsing á broti, tengsl við mál, málnúmer í málaskrá, punktafjöldi vegna brots og heildarpunktafjöldi öikumanns, sviptingar, fjárhæð sekta og annað sem máli kann að skipta.

### Hvers vegna er unnið með persónuupplýsingar þínar og á hvaða grundvelli?

Samkvæmt 2. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er hlutverk lögreglu meðal annars að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna vinna að uppljóstrun brota og stöðva

ólögmæta háttsemi. Samkvæmt 52. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 skal lögregla hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið. Öll brot eru skráð í málaskrárkerfi lögreglunnar, LÖKE, skv. i-lið 1. mgr. 5. gr lögreglulaga nr. 90/1996, 7. gr. laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi og reglugerð nr. 577/2020 um skrár lögreglu og vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Í umferðarlögum nr. 77/2019 eru fjölmörg ákvæði þar sem gert er ráð fyrir afskiptum og aðgerðum lögreglu og eru umferðartengd verkefni stór þáttur í störfum lögreglu. Í reglugerð nr. 1240/2019 má finna fyrirmæli um sektir og önnur viðurlög vegna of hraðs aksturs. Um færslu í ökuferilsskrá gildir reglugerð nr. 929/2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

Um færslu í sakaskrá gilda reglur nr. 680/2009 um sakaskrá ríkisins. Sýslumenn annast fullnustu sekta í samræmi við lög nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

### **Varðveisla á persónuupplýsingum**

Upplýsingum og gögnum er ekki eytt og þeim er að endingu skilað til Þjóðskjalasafns Íslands til varðveislu. Myndir og önnur gögn sem berast frá sjálfvirkum löggæslumyndavélum, og hafa ekki verið tekin inn á netþjón Ríkislögreglustjóra, eyðast sjálfkrafa eftir 14 daga. Myndir sem eru teknar af meðalhraðamyndavél af ökutæki sem ekur ekki umfram skilgreindan meðalhraða eyðast sjálfkrafa og eru ekki varðveittar.